

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 4/2001**

**frá 31. janúar 2001**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/1999 frá 30. september 1999<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB frá 16. maí 2000 um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um breytingar á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 88/357/EBE (fjórða tilskipun um ökutækjatrýggingar)<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við 10. lið (þriðja tilskipun ráðsins 90/232/EBE):  
  
„10a. **32000 L 0026**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB frá 16. maí 2000 um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um breytingar á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 88/357/EBE (fjórða tilskipun um ökutækjatrýggingar) (Stjtið. EB L 181, 20.7.2000, bls. 65).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE) og 7. lið (önnur tilskipun ráðsins 88/357/EBE):

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 325, 21.12.2000, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 21.12.2000, bls. 420.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 181, 20.7.2000, bls. 65.

„- **32000 L 0026**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB frá 16. maí 2000 (Stjtið. EB L 181, 20.7.2000, bls. 65).“

*2. gr.*

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P. K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.